

## Eldi á laxaseiðum að Hallkelshólum í Grímsnesi

### Grímsnes- og Grafningshreppi

#### Ákvörðun um matsskyldu

## 1 INNGANGUR

Þann 14. júlí 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá FB21 ehf., nú Fjallalax, um fyrirhugað eldi á laxaseiðum að Hallkelshólum, Grímsnes- og Grafningshreppi, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 1.11 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Grímsnes- og Grafningshrepps, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Matvælastofnunar, Umhverfisstofnunar og Orkustofnunar.

## 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Eldi á laxaseiðum að Hallkelshólum í Grímsnesi með lýsingu á umfangi og ljósmyndum af vettvangi. FB21 ehf.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá: Fiskistofu dags. 24. ágúst 2021, Hafrannsóknastofnun dags. 24. ágúst 2021, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 23. ágúst 2021, Matvælastofnun dags. 18. ágúst 2021, Orkustofnun dags. 10. september 2021 og Umhverfisstofnun dags. 27. ágúst 2021,

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 28. september 2021.

## 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Eldisstöðin að Hallkelshólum, áður Fiskeldisstöð Fjallableikju, var byggð sem seiðaeldisstöð undir laxaseiði árið 1986. Undanfarin ár hafa bleikjuseiði verið alin í stöðinni og framleidd hafa verið allt að 100 tonn á ári. Arnarlax hefur keypt fyrirtækið Fjallableikju, sem heitir nú Fjallalax, og hyggst framleiða laxaseiði í stöðinni í stað bleikjuseiða.

Núgildandi starfsleyfi heimila 20 tonna eldi í stöðinni en áformað er að auka framleiðslu og framleiða allt að 135 tonn af laxaseiðum á ári með 100 tonna hámarkslífmassa.

Húsnæði stöðvarinnar er alls um 2.500 m<sup>2</sup> að flatarmáli en eldisrými stöðvarinnar er bæði innan- og utanhúss. Ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við framleiðsluaukninguna.

Aðkeypt laxahrogn af norskum uppruna verða klakin út í stöðinni og fiskur alinn í um 6 g þyngd í litlum kerum. Þaðan verður fiskur fluttur í stærri ker til frekara eldis. Seiði verða svo ýmist flutt til frekara eldis í eldisstöð í Þorlákshöfn eða í sjókvíar á Vestfjörðum.

Eldisstöðin fær vatn úr borholu og sjálfrennandi brunni. Heildarvatnspörf er 200 l/sek og möguleiki að endurnýta og súrefnisbæta eldisvatnið til að draga úr vatnsnotkun. Ekki er gert ráð fyrir aukinni vatnsnotkun frá því sem verið hefur.

Frárennsli frá stöðinni verður hreinsað í tromlusú áður en því er veitt í settjörn. Framkvæmdaraðili áætlar að við 135 tonna framleiðslu á ári nemi fóðurgjöf 146 tonnum. Áætlað er að stöðin komi til með að losa 7,7 tonn af kolefni, 5,5 tonn af köfnunarefni og 0,6 tonn af fosfór á ári.



Tekin verða sýni á tveggja mánaða fresti þar sem mæld eru gildi heildarmagns köfnunarefnis, pH-gildi og selta. Daglega er farið yfir botnristar og affall og metið hvort einhverjar fódurleifar skili sér í gegn og er fódrun breytt og hún minnkuð ef svo reynist vera. Daglega er súrefnismettun mæld í hverri einingu fyrir sig og vatnsgæði metin. Efnafræðileg súrefnisþörf (COD) og svifagnir í frárennslis verða mældar á þriggja ára fresti.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Fjallalax og umsögnum umsagnaraðila.

### Viðtaki frárennslis

Fram kemur í tilkynningu framkvæmdaraðila að svæðið tilheyrir grunnvatnshlotinu Lyngdalsheiði. Grunnvatnshlotið hefur ekkert skráð álag. Viðtaki frárennslis frá eldinu er straumvatnshlotið Höskuldslægur sem er með skilgreint álag vegna fráveitu frá núverandi fiskeldi. Frárennslis stöðvarinnar fer út í settjarnir þar sem úrgangsefni hafa verið fjarlægð reglulega og nýtt sem jarðvegsbætir. Einnig er gert ráð fyrir að tromlusía með 100  $\mu\text{m}$  opnun geti síað um 20% af köfnunarefni og 60% af bæði fosfór og summu lífrænna kolefna úr frárennslis. Frárennslis fer síðan út í um 650 m langan fráveituskurð sem liggur að meginfarvegi Höskuldslægjar sem rennur í Hvítá. Fylgst verður með styrk næringarefna og svifagna í samráði við leyfisveitendur.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin muni í starfsleyfi gera kröfu um fullnægjandi hreinsun frárennslis og verða losunarmörk miðuð við árlega lífmassaaukningu í stöðinni. Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð breyting á starfsemi Fjallalax sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

### Áhrif á villta laxfiska

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að ristar séu á yfirfalli á öllum eldiskerum til varnar sleppingum auk þess sem frárennslis frá stöðinni verði beint í gegnum rist og tromlusíu sem eykur enn frekar á sleppivarnir stöðvarinnar. Stærð rista í frárennslis kera miða við stærð fiska í stöðinni hverju sinni. Viðbragðsáætlun við slyssleppingum er nú þegar í gildi í stöðinni en verður uppfærð og aðlöguð að fyrirhuguðu eldi. Sjúkdómavarnir verða einnig viðhafðar í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að fiskar úr fiskeldisstöð geta valdið neikvæðum vistfræðilegum áhrifum ef þeir berast út í náttúruleg kerfi. Það er því mikilvægt að hugað verði sérstaklega að því að affall frá stöðinni sé útbúið á þann hátt að líkur á því að fiskar sleppi séu litlar. Fiskistofa telur að litlar líkur séu á því að fiskar muni berast frá stöðinni í náttúruleg vistkerfi laxfiska. Þar sem um landeldi er að ræða er ekki mikil hættu á að smit berist í villta stofna og hægt að bregðast við ef sjúkdómar koma upp í eldisstöðinni og varna því að smit berist frá stöðinni. Fiskistofa telur að nægilega vel sé gerð grein fyrir breytingum í rekstri fiskeldisstöðvar að Hallkelshólum og fyrirhuguð breyting sé ekki til þess fallin að það kalli á mat á umhverfisáhrifum.

Matvælastofnun telur ekki ástæðu til fram fari umhverfismat með tilliti til sjúkdómavarna.

### Áhrif vegna vatnstöku

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að vatn til eldisins er tekið úr borholum í landi Hallkelshóla og Klausturhóla sem voru boraðar við upphaf eldis á staðnum, á árunum á milli 1980 og 1990. Gert er ráð fyrir meðalnotkun á um 200 l/s, sem er sambærilegt magn af vatni og nýtt hefur verið í eldisstöðinni fram að þessu. Einnig hefur brunnur með sjálfrennandi vatni verið nýttur og mögulegt er að nota affall af húshitun landeigenda til eldisins. Þá er til skoðunar að endurnýta vatn eftir hreinsun með síum og loftun með súrefni.



Í umsögn Orkustofnunar kemur fram að stofnunin telur mikilvægt að tilgreint sé fyrirhugað nýtingarsvæði og hvaða borholur áformað er að nýta. Stofnunin vekur jafnframt athygli á að ekkert er vikið að umfangi jarðhitánýtingar í gögnum framkvæmdaraðila, ekki liggur fyrir hvort eða hvar áformað er að afla jarðhitavatns né umfang slíkrar nýtingar. Orkustofnun bendir á að við umsókn um nýtingarleyfi skv. auðlindalögum ber að tilgreina um hámarksupptöku vatns hverju sinni og með meðalnotkun yfir árið, auk þess að tilgreina staðsetningu þeirra borhola sem áformað er að nýta.

Í frekari svörum frá framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé fyrirhugað að sækja um nýtingarleyfi til Orkustofnunar að svo stöddu. Fyrirhugað er að sækja um nýtingarleyfi þegar að reksturinn er kominn í fullt gang og ef að nýta þarf meira vatn en áður. Ekki er um breytingu að ræða á núverandi nýtingu og verða því sömu vatnstökuholur allar nýttar áfram. Áætlað er að meðalnýting á vatni úr borholum (ásamt brunni) verði 200 l/s. Þar er bæði verið að vísa til vatns úr kaldavatnsholum og holum sem kenndar hafa verið við heitavatnsöflun. Kjörhitastig eldisvatns í stöðinni er um 13-14°C og frekari prófanir og reynsla við vatnsöflun úr holum sem til staðar eru mun leiða í ljós hvernig hægt verður að flokka nýtinguna í kalt og heitt vatn. Við núverandi aðstæður eru nokkuð margar af holunum tengdar saman í eina leiðslu og ekki liggur að fullu fyrir hvað kemur úr hverri þeirra. Áætlað er að hámarksnýting úr holum geti orðið allt að 300 l/s.

## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Eldisstöðin er staðsett á svæði sem skilgreint er sem landbúnaðarsvæði í Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020. Með hliðsjón af því að um er að ræða eldisstöð með 135 tonna ársframleiðslu sem hefur takmörkuð tengsl við búrekstur telur Skipulagsstofnun þörf á að breyta landnotkun á svæðinu í iðnaðarsvæði.

Framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Einnig er framkvæmdin háð rekstrarleyfi frá Matvælastofnun í samræmi við lög um fiskeldi og reglugerð um fiskeldi. Flutningur á úrgangi er háður starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. lögum og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Verði breyting á magni eða eðli núverandi vatnstöku yrði nýtingin háð nýtingarleyfi frá Orkustofnun skv. auðlindalögum.

## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða áform um eldi á laxaseiðum að Hallkelshólum í Grímsnesi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1.11 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

### Eðli og staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingu náttúruauðlinda, úrgangsmyndun og mengun, sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem álagsþols náttúrunnar og kjörlendis dýra, sbr. 2 tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Fyrirhuguð breyting á tilhögun eldis á Hallkelshólum felur ekki í sér uppbyggingu mannvirkja. Breytingin mun því ekki fela í sér rask á gróðri, menningarminjum, breyttri ásýnd eða önnur áhrif sem hlotist geta af mannvirkjagerð. Þá verður vatnsnotkun óbreytt frá því sem verið hefur og mun breytingin því ekki leiða til aukinnar nýtingar grunnvatns.

Við framleiðsluaukningu mun magn úrgangs sem kemur frá stöðinni aukast. Að mati Skipulagsstofnunar er ekkert sem bendir til þess að viðtakinn, Höskuldslægur, sé sérstaklega



viðkvæmur eða að magn næringarefna frá stöðinni, að teknu tilliti til hreinsunar frárennslis, komi til með að valda óásættanlegum áhrifum á viðtaka. Samt sem áður telur Skipulagsstofnun mikilvægt að áhrif af losun eldisvatns verði vöktuð í viðtakanum Höskuldslæk þar sem losunin má ekki valda því ástand viðtakans hnigni. Að mati Skipulagsstofnunar þarf ástand viðtakans að ákvarða umfang starfseminnar m.t.t. magn losunar og telur stofnunin brýnt að í starfsleyfi verði skýrt kveðið á um fyrirkomulag vöktunar.

Eldisstöðin er staðsett innan svæðis sem hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði. Að mati Skipulagsstofnunar er aukin framleiðsla ekki líkleg til að hafa teljandi áhrif á fugla.

#### **Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til þess svæðis sem ætla má að verði fyrir áhrifum, stærðar og fjölbreytileika áhrifa, tímalengdar áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðar framkvæmdar felist einna helst í mögulegum áhrifum frárennslis á lífríki Höskuldslækjar. Með virkri vöktun árinna og mögulegum mótvægisáðgerðum, sem geta falist í endurskoðun starfsleyfa, séu litlar líkur á að gengið verði of nærri álagsþoli náttúrunnar. Að mati Skipulagsstofnunar er líklegt að önnur áhrif framkvæmdarinnar verði óveruleg

#### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 23. nóvember 2021.

Reykjavík, 19. október 2021.

Egill Þórarinnsson

Jón Smári Jónsson